



Alþingi
v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2019
Tilvísun: 2019030014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs frá nefndarsviði Alþingis, dags. 11. mars 2019, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur, 636. mál.

I.

Fjármálaeftirlitið bendir á að í lögum, sem innleitt hafa reglugerðir Evrópusambandsins á fjármáلامarkaði með tilvísunaraðferð og kveða á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, hefur hingað til verið tekið sérstaklega fram að um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fari samkvæmt lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Slíkt er að finna í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 78/2014 um greiðslur yfir landamæri í evrum, 12. mgr. 3. gr. laga nr. 50/2017 um lánshæfismatsfyrirtæki, 2. mgr. 3. gr. laga nr. 55/2017 um skortsölu og skuldatryggingar og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Til að samræmis sé gætt leggur Fjármálaeftirlitið til að bætt verið nýjum málslið við 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:

„Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.“

II.

Grunnur að núgildandi heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir var lagður með lögum nr. 55/2007 um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármáلامarkaði. Þau lög voru samin með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum frá október 2006 en Páll Hreinsson veitti nefndinni forstöðu. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram (neðst á bls. 73) að nauðsynlegt sé að kveða á um í lögum um þau sjónarmið sem hafa áhrif á ákvörðun sektarfjárhæða og ákvarðanatöku um álagningu stjórnvaldssekta. Þessum sjónarmiðum hafa því hingað til verið gerð skil í nánast öllum þeim lögum, sem kveða á um stjórnvaldssektarheimildir fyrir Fjármálaeftirlitið.

Með hliðsjón af framansögðu leggur Fjármálaeftirlitið til að bætt verði nýjum málslið við 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins svohljóðandi:

„Við ákvörðun sekta samkvæmt ákvæði þessu skal m.a. tekið tillit til allra atvika sem skipta máli þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega og hvort um ítrekað brot er að ræða.“

III.

Í 2. málslíð 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir: „Stjórnvaldssekt sem Fjármálaeftirlitið leggur á lögaðila getur numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. eða allt að tvöföldum ávinningi hans af broti eða 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans ef sú fjárhæð er hærri.“ Leggja má þann skilning í setninguna að 10% af veltu komi alltaf til með að vera hærri fjárhæð en sú fjárhæð sem nemur tvöföldum ávinningi. Það er hins vegar ekki í samræmi við það sem kemur fram greinargerð með frumvarpinu. Þar segir: „eftir því hver fjárhæðin er hæst.“ Fjármálaeftirlitið bendir á að umfjöllunin í greinargerð er í samræmi við orðalag í svipuðum lagaákvæðum svo sem í 6. mgr. 110. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 7. mgr. 141. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, og nú síðast í 6. mgr. 46. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Með hliðsjón af framansögðu leggur Fjármálaeftirlitið til að 2. málslíð 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði breytt og verði svohljóðandi:

„Stjórnvaldssekt sem Fjármálaeftirlitið leggur á lögaðila getur numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. eða allt að tvöföldum ávinningi hans af broti eða 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eftir því hver fjárhæðin er hæst.“

IV.

Í lögum sem mæla fyrir um stjórnvaldssektarheimildir fyrir Fjármálaeftirlitið er kveðið á um að stjórnvaldssektir renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, að séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skuli greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar og að um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Uppruna þessa má rekja til áðurnefndrar skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum. Til að gæta samræmis og jafnræðis leggur Fjármálaeftirlitið til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við 3. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:


„Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.“

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Anna Mjöll Karlsdóttir



Guðlaug María Valdemarsdóttir